

Sp. 272. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]
um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu fimm menn til að endurskoða löggjöf um stjórnarráð Íslands og gera tillögur um skipun ráðuneyta og skiptingu starfa á milli þeirra.

Greinargerð.

Löggjöf um stjórnarráð Íslands er mjög í molum, og hefur skipun ráðuneyta eða stjórnardeilda orðið mjög með öðrum hætti en þar er ráðgert. Ráðuneytum hefur verið fjölgað með ákvörðun einstakra ríkisstjórna eða jafnvel ráðherra. Leikur það orð á, að stundum hafi vandi við val milli tveggja manna í eitt embætti orðið til þess, að ráðuneytum væri fjölgað, svo að forstöðumennirnir yrðu tveir í stað eins áður. Í öðrum tilfellum hafa jafnvel enn veigaminni ástæður leitt til stofnunar nýs ráðuneytis.

Þvílík lausatök á hinni æðstu stjórn landsins eru óheppileg, hvernig sem á er litið. Eftir hefur verið til aukins kostnaðar, án þess að nokkur trygging væri fyrir bættum afgreiðsluháttum. Á stundum hefur hið gagnstæða beinlínis orðið afleiðingin. Með fjölgun starfsmanna og flóknara kerfi hefur málsmeðferð orðið lakari en áður.

Af augljósri fjársóun og skriffinnsku í sjálfu stjórnarráðinu hefur leitt, að mun erfiðara hefur verið að standa á móti sams konar þróun í rikiskerfinu að öðru leyti. Eftir höfðinu dansa limirnir. Brýn nauðsyn er því til, að nýrri skipan verði komið á starfshætti í stjórnarráði Íslands. Æskilegast er, að þær umbætur verði lögfestar með samráði og samvinnu ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga, svo að líkur verði fyrir meiri festu í þessum eignum en verið hefur. Þess vegna er hyggilegt, að sérstök nefnd verði kosin með þeim hætti, svo sem hér er lagt til, í því skyni að annast hina nauðsynlegu endurskoðun.